

### 3. framboðið gengur fram af fullum krafti til sveitarstjórnarkosninga í Sveitarfélaginu Hornafirði þann 26. maí 2018.

3. framboðið er óháð framboð skipað fólki með fjölbreyttar skoðanir sem á það sameiginlegt að vilja sjá hér öflugt samfélag til framtíðar.

Með jákvæðni, kraft og metnað að leiðarljósi höfum við áhuga á að starfa áfram í sveitarstjórn.

















Framtíðin er björt og allir vegir færir.

Síðustu fjögur ár höfum við starfað í meirihluta sveitarstjórnar og unnið að mörgum góðum málum sem voru á stefnuskrá okkar árið 2014.

Má þar meðal annars nefna: Sameiningu leikskóla, mótuð hefur verið heildstæð stefna í skipulags-, ferða- og velferðarmálum, jákvæð íbúapróun og markviss uppbygging á lóðaframboði, gróskumikil starfsemi í Vöruhúsinu og vinna er hafin við veg yfir Hornafjarðarfjót.

Stefnuskrá 3. framboðsins er á heimasíðunni: <http://xe.780.is> og einnig liggur hún frammi á kosningaskrifstofu 3. framboðsins í Miklagarði.

### Stefnumál 3. framboðsins

-  Stuðlum að jákvæðri íbúapróun með stuðningi við húsbyggjendur.
-  Bygging hjúkrunarheimilis.
-  Hönnun á íþróttasvæði.
-  Fráveituframkvæmd á Höfn - átak í að laga götur og gangstéttar.
-  Göngu- og hjólaleiðir, göngubrú frá Lyngey yfir í Ægissíðu.
-  Komum upp fjölnota menningarhúsi á Höfn fyrir sviðslistir og sýningar.
-  Nýtum tækifærin sem nándin við Þjóðgarðinn býður upp á.
-  Eflum almenningssamgöngur og umferðaröryggi.
-  Fylgjum eftir umhverfisstefnu og stuðlum að landnýtingu með sjálfbærni að leiðarljósi.
-  Öflug þjónusta við íbúa, eflum íbúalýðræði.
-  Menntun fyrir alla.
-  Betra netsamband fyrir Höfn og Lón.
-  Litlar leiguíbúðir fyrir ungt fólk.
-  Átak með smærri íbúðir fyrir 60+.
-  Fjölskylduvæn græn svæði.
-  Notum samskipti nútímans í stjórnsýslu.

### Verið velkomin á kosningaskrifstofu 3. framboðsins í Miklagarði

Sunnudaginn 6. maí kl. 14:00 - 16:00 opnar 3. framboðið kosningaskrifstofu sína.

Kaffi og vöffur í boði. Hlökkum til að sjá ykkur!

Opnunartímar í Miklagarði fram að kosningum:

Opið allar helgar frá kl. 12:00 - 16:00 (en lokað á hvítasunnudag).  
Daglega frá 21. maí kl. 16:30 - 18:30

### Verið velkomin í kaffi og spjall við frambjóðendur!

